



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjórar og
fjármálastjórar sveitarfélaga

Dags.: 22. febrúar 2022

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 2202018SA

Málalykill: 15.13

Efni: Minnisblað um hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021

Í ljós hefur komið að lífeyrisskuldbindingar margra sveitarfélaga vegna ársins 2021 hafa hækkað verulega. Rekja má hækkunina til nokkurra þátta.

1. Hækkun launa

Lífeyrisskuldbindingin hækkar með launum þar sem lífeyrir þeirra sem rétt eiga í lokuðum sjóðum (B-deildum) er tengdur sérstakri launavísitölu eða launum eftirmanna. Launahækkun er metin 7,5% til frambúðar og er þar horft til sérstakrar launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar. Á móti kemur þó í mismunandi mæli ávöxtun eigna.

2. Breyttar forsendur um lífaldur

Samkvæmt 14. gr. reglugerðar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 skal við mat á skuldbindingum nota eftirlifendatöflur sem útgefnar eru fjármálaráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT).

Þann 22. desember sl. var tilkynnt á heimasíðu fjármálaráðuneytis um staðfestingu ráðherra á nýjum tillögum FÍT um eftirlifendatöflu. Hingað til hafa eftirlifendatöflur miðast við dánartíðni undanfarinna ára. Tillögur FÍT fela í sér þá breytingu að miðað er við spár um þróun dánartíðni á næstu áratugum. Hér er um að ræða verulega breytingu sem hefur í för með sér lækkun dánartíðni í öllum aldursflokkum. Áætlað er að lífeyrisskuldbindingar hækki um einhver 5% af þessum sökum.

Ljóst er að þessi breyting leiðir til talsverðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Af þeim sökum ákvað fjármálaráðherra að heimila lífeyrissjóðum að innleiða hinar breyttu forsendur á næstu tveimur árum, þ.e. 2021 og 2022. Við gerð tryggingafræðilegrar athugunar við lok árs 2021 mega lífeyrissjóðir þannig velja hvort skuldbinding verði metin með eldri reiknigrunni eða með hinum nýja. Þeir lífeyrissjóðir sem velja fyrri kostinn skulu þó samhliða reikna tryggingafræðilega stöðu með hinum nýja grunni sem birt skal sem skýring í ársreikningi.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafa báðir ákveðið að nýta ekki heimild til frestunar á lokuðum sjóðum í þeirra umsjón. Sveitarfélögum gefst ekki kostur á frestun og því ljóst að lífeyrisskuldbindingar munu hækka strax.

Rétt er að benda á að árið 2015 gaf FÍT út samsvarandi eftirlifendatöflu en ráðherra ákvað að staðfesta þær ekki. Engu að síður ákvað Reykjavíkurborg að gera sínar

lífeyrisskuldbindingar upp eftir þessum reglum og hækkuðu lífeyrisskuldbindingar borgarinnar vegna þessa verulega, eða um 6,5 ma.kr.

3. Hækkandi hlutur launagreiðanda

Eldri lífeyrissjóðir hins opinbera eru lokaðir – taka ekki við nýjum sjóðsfélögum og hefur svo verið síðan 1997-1998. Sjóðfélögum í þessum sjóðum sem enn eru á vinnumarkaði hefur fækkað mjög og lífeyrisspegum fjölgað. Rösklega 10 eftirlaunaþegar eru á hvern starfandi sjóðfélaga og þeim síðarnefndu fækkar um u.þ.b. 10% á ári. Þegar launþegi sem á aðild að B- sjóðum fer á eftirlaun greiðir launagreiðandi allar framtíðar hækkanir á lífeyri sem eru vegna launahækkana. Af þessum sökum mun hlutur sveitarfélaganna óumflýjanlega fara hækkandi á næstu árum og áratugum. Við mat á skuldbindingu LSR B fyrir árið 2021 er þessi þáttur endurskoðaður sem leiðir til þess að hlutur launagreiðenda hækkar umtalsvert. Hækkunin af þessum sökum er misjöfn milli sjóða og fer hún eftir því hver samsetning sjóðfélaga er, því fleiri sem eru lífeyrisþegar því meiri er hækkunin.

Hér er um að ræða verulegar breytingar á forsendum sem ekki lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Þótt hækkun lífeyrisskuldbindinga leiði til minni rekstrarafgangi er rétt að minna á að fjármálaþing sveitarstjórnarlaga hefur verið vikið til hliðar tímabundið og taka ekki gildi fyrr en árið 2026. Jafnvægisregla þess árs tekur þá mið af rekstrarafgangi 2025, útkomuspá 2026 og fjárhagsáætlun 2027. Af þessu leyti kann að vera ágætt að taka þennan skell núna.

Rétt er einnig að benda á að breyttar forsendur um lífslíkur hafa áhrif á A-deildir opinberu lífeyrissjóðanna. Áhrifa mun þannig gæta á lífeyrisaukasjóðinn sem settur var á laggirnar árið 2016. Fyrir dyrum stendur að endurskoða forsendur lífeyrisaukasjóðsins og viðbúið að sú endurskoðun leiði til þess að til kasta varúðarsjóðs komi.

SAS